



Reykjavík, 06.05.98

6. fundur 11.mars 1998 í Íþróttamiðstöðinni Laugardal kl. 13:00

Mættir: Birgir Sigurjónsson, Sigríður Sigþórsdóttir, Sigrún Ólafsdóttir, Jón Albert Sigurbjörnsson, Halldór Gunnarsson, Bergur Jónsson, Oddný Jónsdóttir, Haraldur Þórarinsson, Sigfús Helgason, Sigurður Marínusson og Sigurður Ragnarsson.

Fundur settur í nýrri fundaraðstöðu samtakanna. Sigrún Ólafsdóttir tók að sér að rita fundargerð. Formaður lýsti ánægju með nýja húsnæðið og þakkaði Jóni Albert og hans mönnum sérstaklega fyrir vinnu við uppsetningu á hillum, skápum o.fl. Einnig þakkaði hann starfsmönnum samtakanna.

1. Fundargerðir:

Farið yfir fundargerð 4. fundar. Athuga skal eftirfarandi: reglugerð um endurskoðun vegna búfjárhalds í atvinnuskyni. Ýta á eftir bréfi til umhverfisráðuneytis.

Farið fundargerð 5.fundar. Einn fundarmanna var á móti gjaldtöku á ræktunararbú

2. Hestasjúkdómar.

Jón Albert og Birgir hafa sótt two fundi hjá yfirdýralæknisembættinu með hagsmuna aðilum.

Stefnt skal að því að funda tvísyar í viku á meðan allt er óljóst um sjúkdóminn.

Gera þarf ráðstafanir til að viðna hefjist strax við gerð neyðaráætlunar sem taki strax gildi ef þörf er á.

Hafa strax samband við Landbúnaðarráðuneytið varðandi þessa áætlun. Skora á yfirdýralæknisembættið að beita sér fyrir því að haldnir verði fundir með héraðsdýralæknum og hestamönnum um land allt. Birgi og Jóni Albert falið að senda bréf til hestamannafélaganna og að halda áfram samstarfi með þeirri nefnd sem nú fjallar um málið

3. Erindi Fáks vegna rekstur skrifstofu

Borist hefur bréf frá Hestamannaféluginu Fáki dags. 25.febrúar 1998, þar sem Fákur bíður fram aðstöðu sína og starfskrafta. Stjórn L.H. fjallaði um málið á fundi sínum 11. Mars 1998???? Stjórnarmenn sammála um að ekki væri rétt að felaeinu af aðildarfélögum L.H. rekstur skrifstofu samtakanna á einn eða annan hátt. (sjá meðf. bréf Fáks).

4. Starfsmannamál

Sigurður Ragnarsson formaður nefndarinnar kynnti störf hennar. Niðurstaða varð sú að mæla með ráðningu Hallgríms Jónassonar.

Stjórn samþykkti að ganga til samninga við Hallgrím Jónasson í stöðu framkvæmdarstjóra L.H. Ákveðið að formaður og gjaldkeri geri starfssamning við nýjan framkvæmdastjóra. Laun 200-250.000 á mánuði, gera þarf samning til tveggja ára. Æskilegt að nýta sér þjónustu Strás við gerð starfssamnings.

5. Önnur mál

- a. Bergur Jónsson gerði athugasemd við bókanir í fundargerðum stjórnar????
- b. Skráningargjöld á LM 1998. Birgir og Jón Albert sögðu frá fundi með framkvæmdastjóra LM 1998 fyrr um morguninn. Einnig sögðu þeir frá fundi með fulltrúum frá Bændasamtökum Íslands.
Halldór Gunnarsson óskaði eftir því að eftirfarandi yrði bókað vegna skráningargjalda á LM'98.

Fyrrverandi stjórn L.H. (fjórir núverandi stjórnarmenn) undirbjuggu tillögu sem samþykkt var á ársþinginu á Egilsstöðum s.l. haust þess efnis að heimilt sé að leggja á skráningargjöld á lands- og fjórðungsmótum. Tilgangurinn er að styrkja rekstrargrundvöll móttanna og þar með tekjur L.H. Ákvörðun um upphæð gjaldanna skal tekin af framkvæmdaneftnd móttanna í samráði við stjórn L.H. og B.I. þar sem það á við.

Halldór telur eðlilegt að öll hross sem koma fram á áðurnefndum mótmum í sýningum og keppni skulu vera gjaldskyld. Gjöldin eiga að hans mati að vera mismunandi há þ.e. lægts í barnaflokki en hæst í flokki kynbótahrossa sem keppa til heiðursverðlauna.

Fram kom tillaga svo hljóðandi:

Stjórn L.H. á fundi 11.3.98 felur formanni og varaformanni samtakanna að leita áframhaldandi samninga við stjórn Bændasamtakanna varðandi þjónustugjöld er innheimt skuli af öllum hrossum er koma til sýninga á LM '98, í samræmi við samþykkt Landsþings L.H. á Egilsstöðum.

- c. Jón Albert kynnti starf útbreyðslu og kynningarnefndar sem er mjög virk þessa dagana.

Fundi slitið kl. 16:45

Sigrún Ólafsdóttir